

Mánudaginn 7. janúar 1991.

Nr. 447/1990. **Oliuverslun Íslands h/f**

gegn

Samvinnufélaginu Hreyfli.

Kærumál. Lögbann. Lausnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 27. gr. sömu laga, skotið úrskurði fógeta til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, „að hafnað verði kröfugerð sóknaraðila og hinn kærði úrskurður verði staðfestur“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að fógeti leggi sönnunarbyrði á sóknaraðila um, að sóknaraðili hafi ennþá lögmæta hagsmuni af því, að lögbannið haldi gildi sínu. Rökstuðningur fógeta sé þannig andstæður þeirri meginreglu réttarfars, að sönnunarbyrði um tiltekna staðhæfingu hvíli á þeim, sem haldi henni fram, enda sé beinlínis gert ráð fyrir því í upphafsákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949, sem varnaraðili byggir kröfur sínar á. Þá beri að hafa í huga, að sóknaraðila hafi með dómi H.1987,1395, verið meinað að nýta sér eignir sínar á lóð varnaraðila að svo stöddu, og sé tilvísun fógeta til notkunarleysis eignanna því torskilin. Þá hafi varnaraðili ekki boðið sóknaraðila bætur fyrir einhliða samningsrof, svo sem almennar kröfuréttarreglur áskilji, sbr. H.1968,145.

Sóknaraðili vísar til úrskurðar fógetaréttar Reykjavíkur í málinu nr. E 4/1990 milli sömu aðila, þar sem varnaraðili krafðist útburðar á eignum sóknaraðila. Í forsendum úrskurðarins segi m.a. svo:

„Það er skoðun fógetaréttar að ekki þyki útilokað að gerðarþoli

eigi enn lögvarða hagsmuni af því að lögbannið haldi gildi sínu. Með hliðsjón af þessu er krafa gerðarbeiðanda ekki studd svo augljósum lagarökum að unnt sé að verða við henni í fógetamáli þessu án þess að krafan hljóti rannsókn og meðferð fyrir hinum almennu dómstólum. Verður því ekki hjá því komist að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.“

Sóknaraðili heldur því fram, að hinn kærði úrskurður sé þannig í andstöðu við fyrri niðurstöðu fógeta, enda þótt engar þær aðstæður hafi breyst, sem heimili nú varnaraðila að fá lögbanninu aflétt, frekar en að fá útburð viðurkenndan í hinu fyrra máli. Nauðsynlegt sé, að heildarágreiningsmál aðila fái efnislega meðferð fyrir hinum almennu dómstólum, og því beri að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

II.

Af hálfu varnaraðila er vakin sérstök athygli á eftirfarandi:

- a. Eins og rakið sé ýtarlega í gögnum málsins, séu tilgreindar forsendur lögbannsins fallnar niður, og beri fógeta því að fella það niður.
- b. Varnaraðili geti ekki borið þá kröfu upp við almenna dómstóla, að lögbannið verði fellt niður, enda yrði slíkri kröfu vísað frá, sbr. 68. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Slík krafa eigi undir fógeta samkvæmt 25., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949.
- c. Mótmælt sé þeim skilningi sóknaraðila, að úrskurður fógeta í málinu nr. E 4/1990 sé í andstöðu við hinn kærða úrskurð. Í fyrra málinu hafi fógeti hafnað útburði vegna þess, að í því máli hafi engar kröfur verið gerðar um, að lögbannið yrði fellt úr gildi. Lögbannið sem slíkt hafi því ekki komið til skoðunar í fyrra málinu.
- d. Ljóst sé af gögnum kærumálsins, að fógeti telji, að gerðarbeiðanda hafi tekist að sanna, að forsendur lögbannsins væru niður fallnar. Fógeti hafi því ekki snúið sönnunarbyrði við í málinu.

III.

Í máli þessu krefst varnaraðili þess, að fellt verði úr gildi lögbann við því, að samvinnufélagið fjarlægi nokkrar eignir sóknaraðila af leigulóð þess við Fellsmúla í Reykjavík. Lögbannið var lagt á í

fógetarétti 14. maí 1985 og síðar staðfest, eins og lög bjóða, sbr. H.1987,1374.

Fógeta er heimilt að ákveða, að lögbann skuli falla niður, sbr. 27. gr. og 25. gr. 2. mgr. 2. tl. laga nr. 18/1949, og er ljóst af ákvæðinu, að ekki skiptir í því sambandi máli, að lögbannið hefuri verið staðfest í dómsmáli.

Úrskurður fógeta í Reykjavík í máli nr. E 4/1990, sem fyrr er nefndur og kveðinn var upp 16. mars 1990, er ekki bindandi um úrslit þessa máls.

Pegar haft er í huga bréf það, sem varnaraðili ritaði sóknaraðila 17. desember 1987, og sú staðreynd, að eignir sóknaraðila á lóðinni nr. 24-26 við Fellsmúla hafa verið ónotaðar í um 3 ár, verður, eins og málavöxtum er háttað, að fallast á, að sóknaraðili eigi ekki lengur lögvarða hagsmuni af, að þessar eignir séu á lóðinni. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Taka verður þó tillit til þess, að lögbann það, sem felld er niður, er við því, að varnaraðili fjarlægji eignir sóknaraðila af lóð sinni. Ber sóknaraðila því nokkur frestur, svo að honum gefist tómt til þess sjálfum að koma eignunum af lóðinni, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Er rétt að fella lögbannið niður frá 1. mars 1991.

Krafa sóknaraðila um málskostnað í héraði er ekki tekin til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig, að þar greint lögbann fellur niður frá 1. mars 1991.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. nóvember 1990.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 6. nóvember að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Samvinnufélagið Hreyfill, kt. 640169-3549, Fellsmúla 24 - 26, Reykjavík.

Gerðarþoli er Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík.

Af hálfu gerðarbeiðanda eru gerðar þær kröfur, að lögbann það, sem

gerðarþoli fékk lagt við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði söluskála úr timbri (stöðvarhús), olíudælur og jarðgeyma fyrir olíu og bensín, eign gerðarþola, Olíuverslunar Íslands hf., af lóð gerðarbeiðanda nr. 24-26 við Fellsmúla í Reykjavík, og staðfest var með dómi Hæstaréttar 26. október 1987, verði fellt niður.

Af hálfu gerðarþola er þess krafist, að gerðin nái ekki fram að ganga. Þá gerir gerðarþoli kröfu um málskostnað eftir mati réttarins.

II.

Málavextir eru þeir helstir, að 30. desember 1975 gerðu aðilar málsins með sér viðskiptasamning. Með samningi þessum veitti gerðarþoli gerðarbeiðanda söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík, en stöð þessa hafði gerðarþoli byggt á lóðinni, sem var í eigu gerðarbeiðanda. Í samræmi við samninginn lagði gerðarþoli gerðarbeiðanda til afgreiðsluhús, bensíndælur, þvottaplan og geyma til notkunar á lóðinni. Skyldu afnot þessi vera gerðarbeiðanda endurgjaldslaus, meðan samningur aðila væri í gildi. Gerðarbeiðanda var hins vegar heimilt og skylt að nota við starfsemi sína þau vörumerki, sem gerðarþoli notaði við sölu á þessum vörum, auk þess sem stjórn gerðarbeiðanda skyldi „eftir bestu getu sjá um að bílar Hreyfils kaupi allt bensín og dieselolíu til sinna þarfa á bensínstöðinni við Fellsmúla. Skal öllum bifreiðum, sem afgreiðslu fá hjá bifreiðastöð Hreyfils, gert að skilyrði að þeir (sic) kaupi allt bensín og dieselolíu í Reykjavík hjá bensínstöðinni við Fellsmúla“, eins og segir í 7. gr. samningsins.

Í 8. gr. samningsins segir, að hann taki gildi frá og með 1. janúar 1975 og gildi án uppsagnar í 10 ár, en framlengist að þeim tíma liðnum af sjálfu sér um eitt ár í senn, verði honum ekki sagt upp af öðrum hvorum aðila með 6 mánaða fyrirvara. Síðan segir: „Vegna fyrirgreiðslu þeirrar, sem Olíuverslun (gerðarþoli) hefur veitt í sambandi við samningsgerð þessa, heitir stjórn Hreyfils því að Olíuverslun skuli eiga forgangsrétt að viðskiptum við Hreyfil með framlengingarsamningum, enda bjóði Olíuverslun jafngóð kjör og önnur félög bjóða sannanlega á þeim tíma.“

Með bréfi gerðarþola, dags. 29. júní 1984, var áðurgreindum viðskiptasamningi sagt upp. Í niðurlagi bréfsins var ítrekaður vilji gerðarþola til að taka upp viðræður um nýjan samning. Sá samningur hefur ekki verið gerður, en þann 23. apríl 1985 undirritaði hins vegar gerðarbeiðandi viðskiptasamning við Olíufélagið hf. Með þeim samningi veitti Olíufélagið hf. gerðarbeiðanda söluumboð í Reykjavík fyrir bensín og olíur frá bensínstöðinni við Fellsmúla í Reykjavík, enda seldi gerðarbeiðandi ekki vörur frá öðrum aðilum nema með samþykki Olíufélagsins hf. Í 6. gr. þessa nýja samnings er ákvæði þess efnis, að Olíufélagið hf. láti gerðarbeiðanda

endurgjaldslaust í té aðstöðu við Hafnarstræti í Reykjavík, þannig að afmörkuð verði allt að 10 bílastæði fyrir leigubíla gerðarbeiðanda jafnframt því, að bílstjórar fái þar aðstöðu í húsi á lóðinni.

Gerðarþoli óskaði þess skriflega við gerðarbeiðanda að fá að kynna sér efni samningsins, svo að hann gæti tekið afstöðu til þess, hvort hann kysi að hagnýta sér forgangsréttarákvæði skv. 8. gr. samningsins frá 1975. Inn í ágreining aðila spunnust einnig deilur um uppgjör viðskiptaskulda gerðarbeiðanda við gerðarþola. Þann 7. maí 1985 greiddi gerðarbeiðandi upp viðskiptaskuld sína, að því er hann taldi, og krafðist þess jafnframt, að gerðarþoli yrði burtu með eignir sínar af lóðinni við Fellsmúla fyrir kl. 12 á hádegi fimmtudagsins 9. maí 1985. Að öðrum kosti myndi gerðarbeiðandi fjarlægja eignirnar sjálfur af lóðinni á kostnað gerðarþola. Gerðarbeiðandi lét verða af þessari hótun, og krafðist gerðarþoli þess þá fyrir fógetarétti Reykjavíkur, að lögbann yrði lagt við þeim aðgerðum. Við þeirri kröfu var orðið þann 14. maí 1985.

Með dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 26. október 1987, var staðfest, að gerðarþola hefði með viðskiptasamningi frá 30. desember 1975 verið veittur réttur til að ganga inn í samninga, sem gerðarbeiðandi kynni að gera við þriðja aðila að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í samningsákvæði þessu greinir. Síðan segir orðrétt í forsendum dóms Hæstaréttar: „Miðað við þau samskipti aðila, sem ofangreindur forgangsréttur gagnáfrýjanda (gerðarþola) hefur óhjákvæmilega í för með sér, verði hans neytt, verður hins vegar ekki talið, að lagaskilyrði séu til þess, að gagnáfrýjandi geti knúið fram efndir á umræddu samningsákvæði beinlínis eftir aðalefni þess gegn mótmælum aðaláfrýjanda. Af þeim sökum verður aðeins veitt dómsviðurkenning fyrir forgangsréttinum út af fyrir sig, enda verður heldur ekki fullyrt fyrirfram, að gagnáfrýjandi geti veitt aðaláfrýjanda sömu kjör og samið hefur verið um í samningi þeim, sem aðaláfrýjandi hefur samkvæmt gögnum málsins gert við Olíufélagið hf. Aðaláfrýjanda er því skylt að kynna gagnáfrýjanda síðastgreindan samning, þar sem undir því er komið, hvort gagnáfrýjandi neytir umrædds forgangsréttar. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um skyldu aðaláfrýjanda til að leggja nefndan samning fyrir gagnáfrýjanda að viðlögðum 10.000 kr. dagsektum, er renni til gagnáfrýjanda, og verði fullnægingarfrestur skyldunnar 15 dagar frá birtingu dóms þessa.“

Þá er í dóminum viðurkenndur eignarréttur gerðarþola að stöðvarhúsi, olíudælum og jarðgeymum fyrir olíu og bensín á lóðinni nr. 24 og 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Hins vegar var gerðarbeiðandi sýknaður af kröfu gerðarþola um viðurkenningu á leigulóðarréttindum á lóðinni. Í dómi Hæstaréttar er enn fremur staðfest lögbann frá 14. maí 1985 með þeirri forsendu, að fallist sé á þá úrlausn héraðsdóms, að staðfesta beri lögbann

það, sem krafa samkvæmt þessum lið lýtur að. Í dómsorði héraðsdóms um þetta atriði segir, að staðfest sé lögbann fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí sl. við því, að stefndi, Samvinnufélagið Hreyfill, fjarlægi eigur stefnda, Oliuverslunar Íslands hf., af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Í forsendum dómsins segir, að stefnandi (gerðarþoli) hafi ekki fengið tækifæri til að kynna sér samning þann, sem stefndi gerði við Oliufélagið hf., og þannig ekki fengið hæfilegt færi á að segja til um, hvort hann hyggist bjóða jafngóð eða bættri kjör, en á því þyki hann eiga rétt, sbr. ofanskráð.

Í samræmi við niðurstöðu í dómi Hæstaréttar sendi gerðarbeiðandi þann 29. október 1987 gerðarþola eintak af samningi gerðarbeiðanda og Oliufélagsins hf. frá 23. apríl 1985. Skorað var á gerðarþola að taka afstöðu til efnis samningsins.

Svar gerðarþola barst með bréfi, dags. 20. nóvember 1987, þar sem fram kom, að gerðarþoli óskaði eftir því að neyta forgangsréttar síns um viðskipti við gerðarbeiðanda við þeim kjörum, sem greinir í samningi Hreyfils við Oliufélagið hf., dags. 23. apríl 1985. Í bréfinu segir, að ljóst sé, að gerðarþoli geti ekki boðið gerðarbeiðanda aðstöðu, sem Oliufélagið hf. hafi boðið gerðarbeiðanda á lóðinni við Hafnarstræti. Þrátt fyrir það bjóði gerðarþoli sambærilega aðstöðu á bensínafgreiðslustöð sinni að Klöpp við Skúlagötu. Í bréfinu kemur fram, að gerðarþoli telji hæpið, að ákvæði 6. greinar samnings Oliufélagsins hf. við gerðarbeiðanda um allt að 10 bílastæði við Hafnarstræti geti skert forgangsrétt þann, sem gerðarþola hafi verið dæmdur, þar sem það sé aðeins á færi þess aðila að bjóða nákvæmlega þá aðstöðu, en annarra ekki. Þá segir enn fremur, að til greina komi einnig að bæta gerðarbeiðanda það hagræði, sem hann teldi sig hafa af ákvæði 6. gr., fébótum samkvæmt mati. Er þess krafist, að forgangsréttur gerðarþola komi til framkvæmda hið allra fyrsta og eigi síðar en innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins.

Svarbréf gerðarbeiðanda er dagsett 17. desember 1987. Þar er vísað til bókunar á stjórnarfundum gerðarbeiðanda þess efnis, að nýfengin aðstaða gerðarbeiðanda við Hafnarstræti sé gífurlega mikils virði og ekki sé á nokkurn hátt verjanlegt gagnvart bifreiðastjórum á Hreyfli að láta hana af hendi fyrir þá aðstöðu, sem gerðarþoli býður nú að Klöpp, eða fyrir fébætur skv. mati. Af þessu leiði, að gerðarbeiðandi muni ekki gera viðskiptasamning við gerðarþola á þeim kjörum, sem boðin eru í bréfinu frá 20. nóvember 1987, og líti jafnframt svo á, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta við gerðarbeiðanda skv. 8. gr. samnings frá 30. desember 1975 sé fallinn niður. Í samræmi við þessa ákvörðun gerðarbeiðanda skorar hann á gerðarþola að fjarlægja lausafjármuni sína af lóð gerðarbeiðanda við Fellsmúla hið fyrsta.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt, að Hæstiréttur hafi með dómi staðfest, að gerðarbeiðandi sé einn rétthafi skv. lóðarleigusamningi að lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík.

Hæstiréttur hafi jafnframt ákveðið, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta við Hreyfil skv. samningi frá 31.12. 1975 væri fyrir hendi. Af bréfaskiptum aðila, sem rakin hafa verið, sé ljóst, að gerðarbeiðandi fallist ekki á að eiga áframhaldandi viðskipti við gerðarþola. Dómur Hæstaréttar sé skýr um það, að ekki sé unnt að dæma gerðarbeiðanda til þess að halda áfram viðskiptum við gerðarþola gegn vilja hans.

Lausafjármunir gerðarþola á lóðinni komi í veg fyrir, að gerðarbeiðandi geti nýtt lóðina, eins og hann eigi rétt á. Gerðarbeiðanda sé hins vegar fyrirbúið að fjarlægja eignir gerðarþola af lóðinni sjálfur, en í dómi Hæstaréttar hafi verið staðfest lögbann við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði eignir gerðarþola af lóðinni. Um staðfestingu lögbannsins sé vísað til forsendna héraðsdómsins. Forsendur lögbannsins séu nú niður fallnar. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 18/1949 skuli gerðarþoli losna undan kyrrsetningu, ef gerðarþoli hafi losnað undan þeirri kröfu, sem kyrrsetningunni var ætlað að tryggja. Fógeta beri því að leysa gerðarþola undan lögbanni, ef ekki séu lengur fyrir hendi skilyrði lögbannsins, þ.e. sú athöfn, sem bönnuð var með lögbanninu, raski ekki með ólögætum hætti þeim rétti gerðarbeiðanda, sem varinn skyldi með lögbanninu. Í dómi Hæstaréttar svo og í dómi héraðsdóms sé tilgreind forsenda lögbannsins, og hún sé nú fallin niður samkvæmt framlögðum gögnum.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt, að með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987 hafi verið hafnað aðalkröfu gerðarbeiðanda um, að gerðarþoli verði dæmdur til að fjarlægja umræddar eignir sínar af lóð gerðarbeiðanda. Hins vegar hafi verið staðfest, að forgangsréttur gerðarþola til viðskipta væri í fullu gildi. Það mál hafi aldrei verið til lykta leitt, hvorki með samningum né með dómi. Gerðarþoli hafi hins vegar lýst yfir því, að hann óski eftir að neyta forgangsréttar síns. Sá forgangsréttur sé því virkur og geti ekki fallið niður með einhliða yfirlýsingu gerðarbeiðanda. Gegn mótmælum gerðarþola sé ekki unnt að líta svo á, að sá forgangsréttur, sem hann fékk viðurkenndan með dómi Hæstaréttar, sé niður fallinn, og enn frekar hefur gerðarbeiðandi engar bætur boðið fram.

Þá er því mótmælt af hálfu gerðarþola, að gerðarbeiðanda hafi yfirleitt verið heimilt að tengja samning um viðskiptaaðstöðuna við Fellsmúla við allt aðra og ólíka aðstöðu í hinum enda bæjarins, þ.e. bílastæðin við Hafnargötu. Gerðarbeiðanda hafi borið að halda sig við gerða samninga, sem náðu til sömu réttinda og samningur gerðarþola og gerðarbeiðanda frá 1975 tók til. Samningur um allt aðra hluti en aðstöðuna við Fellsmúla leiði ekki til þess, að forgangsréttur þar falli niður.

Þá bendir gerðarþoli á forsendur úrskurðar fúgetaréttar Reykjavíkur í málinu E 4/1990 milli sömu aðila. Frá því að sá úrskurður hafi verið kveðinn upp, hafi ágreiningur aðila í engu breyst. Augljóst sé, að gerðarbeiðandi þurfi að snúa sér til hinna almennu dómstóla og fá skorið úr ágreiningi aðila með efnisdómi, áður en hann geti fengið umbeðna gerð framkvæmda.

Með dómi Hæstaréttar hafi lögbann verið lagt við, að gerðarbeiðandi fjarlægði eigur gerðarþola af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík. Með gerðarbeiðni sinni freisti gerðarbeiðandi þess nú að fá lögbann þetta fellt úr gildi með vísan til 2. tl. 25. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949. Þær aðstæður, sem heimila upptöku lögbanns, eru ekki tæmandi talðar í tilvitnuðu lagaákvæði. Hins vegar megi ætla af orðanna hljóðan, að full vissa þurfi að vera fyrir hendi um, að lögbannið hafi ekki lengur réttarlega þýðingu fyrir lögbannshafa. Gerðarbeiðandi hafi því sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að lausnargerð raski ekki rétti gerðarþola, sem varinn sé af lögbanninu.

Þá mótmælir gerðarþoli því, að forsendur lögbannsins séu niður fallnar. Í dómorði Hæstaréttar segi, að lögbannið sé staðfest. Undan slíku dómsorði verði ekki vikist með hæpnum ályktunum og samanburði við héraðsdóm. Gildandi lögbanni verði ekki aflétt með þeirri gerð, sem mál þetta tekur til.

Þá byggir gerðarþoli á því, að engin þörf sé á svo skjótri úrlausn ágreiningsmála sinna við gerðarþola, sem lausnarbeiðni hans lýtur að. Einhliða yfirlýsing gerðarbeiðanda um, að forgangsréttur sé niður fallinn, hafi verið sett fram 17. desember 1987. Síðan séu liðin tæp þrjú ár, án þess að gerðarbeiðandi hafi gert reka að því að ná fram þeim rétti, sem hann nú telur sig eiga, fyrir hinum almennu dómstólum.

III.

Með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987 var úr því skorið, að mannvirkjum þeim í eigu gerðarþola, sem standa á lóð gerðarbeiðanda nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík, fylgi ekki leigulóðarréttindi, þar sem þau réttindi séu óskert gerðarbeiðanda. Í sama dómi viðurkennir Hæstiréttur forgangsrétt gerðarþola til viðskipta við gerðarbeiðanda samkvæmt 8. grein samnings aðila frá 30. desember 1975. Er gerðarbeiðanda gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja fyrir gerðarþola samning hans við Olíufélagið hf. frá 23. apríl 1985. Þá staðfesti Hæstiréttur lögbann fúgetaréttar Reykjavíkur frá 14. maí 1985 við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði umrædd mannvirki gerðarþola af lóð sinni.

Gerðarbeiðandi krefst þess nú, að fúgeti felli lögbann þetta úr gildi, enda séu forsendur brostnar fyrir gildi þess.

Í 2. tl. 2. mgr. 25. gr. laga 18/1949 segir, að gerðarþoli leysist undan

kröfu, eftir að kyrrsetningargerð fór fram, svo sem vegna greiðslu eða sýknudóms eða fram er boðin lögleg greiðsla eða trygging o.s.frv. Samkvæmt 27. gr. laganna tekur 25 gr. þeirra til lögbanns, eftir því sem við á og eigi er öðruvísi fyrir mælt. Samkvæmt því verður að telja, að fógæti geti tekið upp lögbannsgerð að nýju, þegar fallin er niður sú forsenda, sem varð tilefni hennar.

Gerðarbeiðandi hefur nú fullnægt þeirri skyldu að kynna gerðarþola samning þann, sem hann gerði við Olíufélagið hf., svo sem honum var boðið að gera samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987. Vanræksla þeirrar skyldu leiddi til þess, að staðfest var lögbann frá 14. maí 1985 við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði mannvirki gerðarþola af lóðinni nr. 24 - 26 við Fellsmúla.

Gerðarþoli hefur óskað að neyta forgangsréttar síns og talið sig geta boðið sambærileg kjör og Olíufélagið hf. bauð gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðandi lýsti hins vegar yfir, að hann myndi ekki gera viðskiptasamning við gerðarþola, enda sé samningur hans við Olíufélagið hf. honum hagstæðari.

Ljóst er, að ekki verður úr því skorið hér fyrir fógætarétti, hvort gerðarþoli hafi getað boðið gerðarbeiðanda jafngóð kjör og Olíufélagið hf. bauð honum sannanlega, enda byggist slík niðurstaða á sönnunarfærslum, sem fram verður að færa fyrir hinum almennu dómstólum. Gerðarbeiðandi verður hins vegar ekki gegn mótmælum knúinn til efnda beinlínis eftir aðal-efni 8. gr. samningsákvæðisins milli aðila frá 30. desember 1975.

Eignir gerðarþola hafa nú staðið ónýttar á lóð gerðarbeiðanda í tæp 3 ár, frá því að gerðarbeiðandi lýsti yfir, að forgangsréttur gerðarþola til olíu-viðskipta væri niður fallinn. Hefur gerðarþoli ekki sýnt fram á í máli þessu, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því, að lögbannið haldi gildi sínu.

Það er álit fógætaréttar, að gerðarbeiðandi hafi, svo sem fram hefur komið, fullnægt þeirri forsendu, sem varð tilefni lögbanns frá 14. maí 1985 og staðfest var með dómi Hæstaréttar frá 26. október 1987. Ber því að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina og fella það niður.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson borgarfógæti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa gerðarbeiðanda, Samvinnufélagsins Hreyfils, um, að lögbann það, sem gerðarþoli, Olíuverslun Íslands hf., fékk lagt við því, að gerðarbeiðandi fjarlægði söluskála úr timbri (stöðvarhús), olíudælur og jarðgeyma fyrir olíu og bensín, eign gerðarþola, af lóð gerðarbeiðanda nr. 24 - 26 við Fellsmúla í Reykjavík, og staðfest var með dómi Hæstaréttar 26. október 1987, verði fellt niður, er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.